

VERKEFNI & ÁRANGUR SJÁVARKLASANS Á ÁRINU 2018

Íslenski sjávarklasinn hófst sem rannsóknarverkefni í Háskóla Íslands árið 2010, en verkefnið hófst á því að kortleggja alla þá starfsemi sem snýr að hafinu í kringum Ísland, allt frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun, til líftækni og hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Kostir þess að kortleggja Sjávarklasann fólust ekki síst í því að sýna fram á tengsl ólíkra greina og benda á möguleika og tækifæri til frekara samstarfs.

Fljótt tóku leiðtogar nokkurra stærstu fyrirtækja á Íslandi að koma í bakhjarlahóps þessa verkefnis. Þar voru fremst Íslandsbanki, Brim Seafood, Faxaflóahafnir, TM, Skinney Þinganes, Síldarvinnslan, Icelandair Cargo, Mannvit, Samhentir og Eimskip. Í kjölfar stofnunar Sjávarklasans fjölgaði samstarfsaðilum hratt og verkefnið formfestist. Stórt skref til frekari uppbyggingar var stigið árið 2012 er klasinn flutti starfsemi sína að Grandagarði 16. Í upphafi voru fyrirtækin í Húsi Sjávarklasans 10 talsins, en óhætt er að fullyrða að með tilkomu Húss Sjávarklasans hafi starfsemin komist á fulla ferð. Fjölmörgum verkefnum var hrundið af stað. Fyrstu fyrirtækin voru sett á stofn, verkefnahópar voru settir á laggirnar, greiningar unnar, stofnað til alþjóðlegs samstarfs og fyrsta frumkvöðlasetrið var opnað.

Á þeim 7 árum sem liðin eru frá því að klasinn var stofnaður hefur ótrúlegur árangur náðst. Í dag, eftir þrjú stækkunarfasa, hýsir Hús Sjávarklasans tæplega 75 fyrirtæki og um 100 fyrirtæki eru virk í klasasamstarfinu. Á annan tug fyrirtækja hafa verið sett á stofn beint í tengslum við starfsemi klasans, fjölmargir hópar hafa skilað áhugaverðum verkefnum og samstarf fyrirtækja og einstaklinga hefur eflt þróunar- og markaðsstarf. Greiningar- og kynningarstarf sem unnið hefur verið af hálfu Sjávarklasans hefur orðið til að dýpka þekkingu og auka áhuga á möguleikum tengdum haftengdri starfsemi og matvælaíðnaði, laða að ungt fólk og breyta ásýnd atvinnugreinanna. Sjávarklasinn hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og gestir frá öllum heimshornum sækja klasann heim og vilja kynnast því sem er að gerast og koma á samstarfi um að setja upp samsvarandi klasa annarsstaðar.

Íslenski Sjávarklasinn hefur þannig sannað sig sem suðupottur hugmynda. Fyrirtæki tengd þjónustu og nýsköpun eru undir sama þaki og leita nýrra tækifæra og þróa nýjar afurðir.

Hér verða rakin helstu verkefni íslenska sjávarklasans á árinu 2018. Segja má að þetta starfsár Sjávarklasans hafi verið eitt það allra öflugasta í sögu klasans. Bar þar helst áframhaldandi uppbyggingu klasa utan Íslands, aukna áherslu á ungt fólk og frumkvöðlastarf og kraftmikla uppbyggingu nokkurra startup fyrirtækja.

Ekki er sérstaklega fjallað um einstök samstarfsverkefni við fyrirtæki en þau eru fjölmörg. Mörg lúta þau að því að efla samstarfsnet fyrirtækjanna á svæðum utan Íslands sem klasinn hefur haft tengsl við eða stofnað systurklasa. Þá hafa yfir 1000 einstaklingar heimsótt klasann og hafa þessir aðilar sóst eftir að hitta einstök fyrirtæki og hefur klasinn haft milligöngu um á þriðja tug heimsókna. Aðilar tengdir sjávarútvegi frá yfir 15 löndum hafa heimsótt klasann síðustu 6 mánuði.



Áhersla á ungt fólk og sjávarklasann

Netakúlur sem skálar, fiskikollagen sett í varasalva, súkkulaði og ís, endurnýttar pallettur sem húsgögn, afgangssegl sem innkaupapokar.... Þetta eru vörur sem meðal annars voru þróaðar í frumkvöðlakeppni í framhaldsskólunum sem haldin er af Junior Achievement og Íslenski sjávarklasinn er aðili að. Klasinn hefur verið einn af leiððandi aðilum í þessu starfi og starfsmenn klasans hittu um 400 nemendur og liðsinntu mörgum þeirra. Hörkuvinna en ótrúlega skemmtileg. Við erum afar stolt af þessum krökkum og ánægð að sjá áhugann á haftengdri nýsköpun hjá þeim.

Við erum þegar byrjuð að taka á móti framhaldsskólanemum sem taka þátt í keppninni árið 2019 og reiknum með að fá í heimsókn á næstu 3 mánuðum 2-300 nemendur. Þá hafa margir grunnskólar heimsótt klasann og tökum við alltaf vel á móti þeim.

Startup til sjávar og sveita

Að frumkvæði Íslenska sjávarklasans er verið að undirbúa sérstakan viðskiptahraðal sem nefndur er „Startup til sjávar og sveita“. Sérstakt startup með áherslu á sjávarútveg hefur verið kappsmál okkar um langt skeið og nú loksins verður það að veruleika. Við erum einnig ánægð með að samstarf okkar við landbúnaðarklasann er að bera ávöxt en þessi hugmynd um sérstakt startup þessara matvælagreina var ein af þeim samstarfshugmyndum sem snemma voru ræddar af klösunum. HB Grandi er einn af bakhjörllum hraðalsins.

Icelandic Startups munu sjá um hraðalinn en hann fer fram í Húsi ferðaklasans í maímánuði árið 2019.

Hús sjávarklasans hefur aldrei haft fleiri leigjendur og í hópinn hafa bæt leigjendur sem eru að þróa þörunga úr hafinu, ensím úr þorski, rekjanleikakerfi fyrir sjávarafurðir svo eitthvað sé nefnt. Frumkvöðlarýmin hafa sannað ótvírætt gildi sitt en bakhjarlar þeirra eru Eimskip, Mannvit, Icelandair Cargo og Útgerðarfélag Reykjavíkur.



Það er engum blöðum um það að fletta að Íslenski sjávarklasinn hefur skapað sér nafn utan Íslands. Mestu hefur skipt þar að okkar mati sú áhersla sem klasinn hefur lagt á fullnýtingu afurða og forystu Íslands á því sviði.

Við köllum það 100% Fish.

Í kjölfarið höfum við fundið fyrir miklum áhuga víða um heim á stofnun klasa. Fulltrúar klasans hafa heimsótt yfir 15 sjávarútvegsborgir eða -bæji í Bandaríkjunum (4 á árinu 2018) og hefur áhugi á klasanum aldrei verið meiri. Þá var klasanum boðið að halda erindi á World Ocean Forum í Suður-Kóreu og hittum við þar m.a. fulltrúa Korean Marine Institute sem hefur áhuga á því að setja á laggirnar klasa.

Við erum þess fullviss að klasinn er að byggja mjög öflugt tengslanet sem nýst getur klasafyrirtækjunum á ýmsan hátt. Við höfum haft áhuga á að tengja klasafyrirtækin við útrásina og erum að átta okkur betur á því hvernig við getum best stuðlað að því.

Nú starfa þrjár systurklasur Sjávarklasans í Bandaríkjunum. Þeir eru New England Ocean Cluster, New Bedford Ocean Cluster og sá nýjasti, Northwest Pacific Cluster. Lára Hrönn Pétursdóttir veitir klasanum á vesturströndinni forystu. Lára Hrönn er fiskifræðingur og búsett í Seattle. Við sjáum mikil tækifæri í samstarfi.

Einn afrakstur samstarfsins við Nýja England eru tengingar sem lúta að fjárfestingum Íslendinga í sjávarútvegi á svæðinu. Mikill áhugi er fyrir uppbyggingu frekara samstarfs á milli fyrirtækja á New England svæðinu og fyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans. Unnið verður að opnun Húss New England Ocean Cluster á árinu.





Flutningar í algleymingi

Hópur fyrirtækja sem tengjast flutningum til og frá og á Íslandi hefur verið einna öflugasti hópur stærri fyrirtækja í klasanum. Í þessum hópi eru Íslandsbanki, Eimskip, Faxaflóahafnir, Ekran, Isavia, Refskegg, Kadeco, Hafnarfjarðarhöfn, Reykjaneshöfn, Akureyrarhöfn og Stálsmiðjan. Þessi hópur hefur staðið fyrir árlegum fundi „flutningalandið Ísland“ sem nú var haldinn í Hörpu í október og vakti talsverða athygli. Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra, Jón Gunnarsson fyrrverandi samgönguráðherra og Bergþóra Þorkelsdóttir nýr vegamálastjóri töluðu á Flutningalandinu Íslandi sem haldið var í fimmta skipti af flutninga- og hafnahópi klasans. Okkur tókst að fá til okkar Ifor Williams sem er þekktur nýsjálenskur sérfræðingur í klösum sem fjallaði um það hvernig bestu flutningaklasar heims starfa.

Hópurinn hefur að markmiði að klasa alla starfsemi sem tengist samgöngumálum og efla þannig skilning milli ólíkra fyrirtækja sem hafa þó eitt markmið; að efla Ísland sem flutningaland.

Fyrir á árinu var haldinn hugflæðisfundur hópsins og valinna forystumanna fyrirtækja úr ýmsum öðrum flutningafyrirtækjum. Fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum Íslandsbanka og tókst vel. Fundurinn slípaði hópin vel saman og hann er ákveðinn í að halda aðra slíka hugflæðisveislu innan tíðar.


Meginmálið er að flutninga- og hafnahópur klasans hefur markað sér ákveðna sérstöðu með þeirri breidd fyrirtækja sem stendur að hópnunum. Við viljum stuðla að því að breikka hópin og bjóða fleiri aðilum þátttöku, opinberum aðilum og einkafyrirtækjum.

Efling nýsköpunar á Akranesi

Klasinn hefur unnið með nokkrum samstarfsfyrirtækjum og Akraneskaupstað að skoðun á möguleikum til samstarfs um veiðar og vinnslu á grjótkrabba. Haldinn var fundur með sjávarútvegsráðherra fyrir á árinu sem tók vel í hugmyndir klasans á þessu sviði.

Umhverfisklasi

Umhverfisklasi innan Sjávarklasans er að taka sín fyrstu spor. Verkefnið framundan er að finna hentug verkefni sem fyrirtæki innan klasans geta sameinast um á sviði umhverfismála.





Codland og Collagen að ná merkilegum áfanga

Fyrsta spin-off klasans var Codland. Hugmyndin að Codland kom frá klasanum en útgerðirnar Vísir og Þorbjörn tóku vel í hugmyndina og vildu þróa hana áfram í samstarfi við klasann. Klasinn setti einnig á laggirnar Collagen ehf. sem síðar var selt inn í Codland. Eigendur Collagens eru HB Grandi, Samherji, Vísir og Þorbjörn.

Nú er uppsetning verksmiðju Collagens á lokametrinum og stefnt er að því að hún verði tekin í notkun vorið 2019. Stefnt er að því að vinna allt að 4000 tonn af roði í verksmiðjunni og framleidd verði 350-400 tonn af collageni.

Mathöll á Granda

Unnið var að uppsetningu mathallar á Granda - á jarðhæð Bakkaskemmu. Með forystu á þessu sviði vill Sjávarklasinn auka m.a. veg klasans í borgarmatarmenningu eins og kostur er og gefa matarfrumkvöðlum færi á að efla starfsemi sína. Gestir Granda Mathallar voru 170.000 fyrstu 4 mánuði rekstrartímans. Í raun má næstum segja að viðtökur hafi fram úr björtustu væntingum, jafnvel hinna bjartsýnu starfsmanna klasans.

Ocean Excellence

Fyrirtækið Ocean Excellence var sett upp af nokkrum fyrirtækjum innan klasans árið 2013. Markmið þess var að kynna tækni í þurrkun víða um heim. Þetta fyrirtæki sem Mannvit, Samey og Haustak eiga hlut í fékk norrænan styrk til að þróa tækni til þurrkunar í þróunarlöndum og er verkefnið í fullum gangi um þessa mundir. Samstarf hefur verið við HR um þetta verkefni. Væntingar eru um að þær lausnir sem fyrirtækið hefur hannað geti orðið áhugaverður valkostur fyrir þróunarríki til geymslu matvæla.

Fjöldmörg önnur fyrirtæki má nefna, sem komið hafa fram í Sjávarklasanum og hafa nýtt sér aðstöðu, handleiðslu og/eða tengslanet klasans. Nefna má í því sambandi Ankra-Feel Iceland, Margildi, Jurt hydroponics, Florealis, Svinna, Ljótu kartöflurnar, Skynjar o.fl.





Íslenski sjávarklasinn hefur gefið út yfir 70 greiningar eða skýrslur á þeim 7 árum sem klasinn hefur starfað. Við erum stolt af þessari vinnu og mikið er vitnað í einstakar greiningar klasans. Við teljum að með þessari vinnu séum við að leggja okkar lóð á vogarskálar með skarpari framtíðarsýn fyrir íslenskan sjávarútveg og matvælaíðnað.

Breytingar á greiningum klasans

Segja má að greiningar klasans séu að taka breytingum þessi misserin. Fleiri og stærri aðilar hafa lagt meiri áherslu á greiningar sem klasinn hóf að gera eins og um veltu tæknifyrirtækja, efnahagsleg áhrif, nýsköpun ofl. Við fögnum þessu en höfum lagt enn meiri áherslu á öðruvísi greiningar sem þykja mögulega í dag nokkuð nýstárlegar en þykja það ugglaust ekki eftir nokkur ár. Hugmyndir klasans um markaðsmál og sjávarútveg og þau tækifæri sem þar liggja hafa hlotið misjafnar viðtökur. Klasinn hefur verið gagnrýnninn á nokkurt ráðaleysi greinarinnar í þessum efnunum.

Klasinn hefur gefið út 12 greiningar á árinu 2018. Mesta athygli vakti greining klasans um bálkakeðjuna og sjávarútveginn.

Hugmyndaverksmiðja á heimsmælikvarða

Í skýrslunni Hugmyndaverksmiðja á heimsmælikvarða, sem gefin var út á árinu, er leitast við að skoða starf Sjávarklasans og hvernig klasinn geti stækkað og eflst á Grandasvæðinu. Einnig er litið til uppbyggingar á skrifstofurýmum og annarrar uppbyggingar á hafnarsvæðum erlendis, en Sjávarklasinn vill vera virkur þátttakandi í þeirri þróun sem er að eiga sér stað á hafnarsvæðinu og því umhverfi sem starfsemi klasans lifir og hrærist í.

Tilgangur ritsins er að fara yfir þau tækifæri til vaxtar sem Sjávarklasinn sér á svæðinu; skoða það besta sem gert hefur verið í nágrennalöndum okkar; og það helsta sem nú er í umræðunni um framtíð slíkrar starfsemi og svæða sem þá hýsa. Tilgangurinn var þó umfram allt sú viðleitni Sjávarklasans að vera virkur, ábyrgur og framsýnn þátttakandi í uppbyggingu eins mest spennandi atvinnusvæðis í höfuðborginni.



Iceland Fish and Ships

Á árinu var kláraður undirbúningur fyrir heildstætt markaðs- og kynningarefni fyrir erlenda gesti í Húsi sjávarklasans með áherslu á kynningu á öllum tæknilausnum og þekkingu sem íslensk fyrirtæki bjóða fyrir skip og fiskvinnslu og afurðir sem tengjast fiski, allt frá hefðbundnum fiskflökum til lyfja. Verkefnið gengur undir nafninu Iceland Fish and Ships. Nafnið var valið vegna þess það er grípandi og opið og fangar þau svið sem ætlunin er að það nái yfir. Iceland Fish and Ships er auðvitað einnig vísun í rétt sem er alþjóðlega þekktur. Sýningin í Húsi sjávarklasans hefur hlotið frábærar viðtökur og verður viðvarandi.


Hús sjávarklasans er orðið að eins konar kynningarmiðstöð sjávarútvegs á Íslandi. Í húsið koma þúsundir gesta á hverju ári og vel á annað þúsund erlendra gesta komu í húsið á árinu 2018. Aukning gesta er mjög mikil og þegar eru fyrirhugaðar á annað hundrað skipulagðra heimsóknna á árinu 2019. Við lítum á Hús sjávarklasans sem mikið tækifæri til að kynna sjávarútveginn og sjávarklasann í heild og auka þannig sýnileika greinarinnar, bæði hérlendis og erlendis. Sigurður Ingi Jóhannsson sýndi þessu mikinn áhuga og stuðning þegar hann var ráðherra sjávarútvegs mála sem skipti miklu máli.

Dagur þorsksins

Við höldum Dag þorsksins hátíðlegan í októbermánuði. Við hyggjumst reyna allt til að halda hátíð í kringum þennan dag, kynna fyrirtækin í Húsi sjávarklasans og hvaða tækifæri og velmegun þorskurinn hefur fært okkur. Við lítum á þetta verkefni sem mikilvægt kynningarstarf fyrir allan sjávarklasann á Íslandi.

Hús ferðaklasans

Við vorum sérstaklega glöð að liðsinna Ferðaklasanum við að koma upp Húsi ferðaklasans. Sjávarklasinn kom húsnæðinu á koppinn og stefnt er að því að Ferðaklasinn taki alfarið yfir húsið á árinu 2019. Mörg þeirra fyrirtækja sem hafa verið helstu samstarfsaðilar okkar og voru bakhjarlar Sjávarklasans þegar hann var stofnaður tengjast ferðaþjónustu með beinum eða óbeinum hætti. Hér má nefna Icelandair, Bláa Lónið, Eimskip, Faxaflóahafnir og Íslandsbanka. Okkur fannst tilvalið að gefa aðeins til baka með því að nýta okkar reynslu og styrk í dag til að hjálpa þessum frábæra klasa að eignast sitt eigið hús.





Sjávarklasinn hefur lítið tekið þátt í stefnumótun hins opinbera. Á árinu bar hins vegar svo við að klasinn var beðinn í tvígang að koma með skoðun sína á framtíð klasa á Íslandi og framtíð nýsköpunar.

Í samantekt klasans fyrir opinbera nefnd um nýsköpun fjallaði klasinn um nýsköpunarstefnu og hvernig hún geti eflt sjávarútveginn og allan sjávarklasann á Íslandi:

"Framtíð sjávarútvegs felst í því að hann flytji sig stöðugt upp virðisstigann inn á svið sem í dag virðast hafa lítið að gera með sjávarútveg; hönnun, líftækni o.s.frv. Ísland á að stefna að því að verða eins konar „sílikondalur sjávarútvegs“; verða framarlega í alþjóðlegum rannsóknum og ráðgjöf tengt sjávarútvegi, íslensk fyrirtæki verði bæði í forystu í sjávarútvegi í okkar heimshluta og í prótín- og lyfjaframleiðslu tengt sjávarafurðum.

Nýsköpunarstefna getur stuðlað enn frekar að því að Íslandi takist þetta. Í því sambandi þarf að skoða eftirfarandi:

- 1. Setja þarf fleiri hvata til að auka alvöru samvinnu og brjóta múra þvert á greinar. Til þess að ná því væri rétt að efla og fækka samkeppnissjóðum og breikka verksvið þeirra.*
- 2. Efla má lykilstofnanir sem tengjast sjávarútvegi og skoða hvort fjölga megi m.a. alþjóðlegum verkefnum þeirra með þátttöku einkaaðila.*
- 3. Hvetja þarf til opinnar umræðu um Ísland sem prótínland og þau tækifæri sem þar liggja. Nýsköpunarstefna þarf að hnykkja á því.*
- 4. Skoða þarf hvernig opinber stöðþjónusta atvinnulífsins nýtist atvinnulífinu. Er hægt að nýta betur hluta fjármuna þeirra til að efla nýsköpunarsamvinnu innan atvinnulífs og milli atvinnulífs og hins opinbera?"*

Úr samantekt klasans til Alþingis um framtíð klasa á Íslandi:

„Sjávarklasinn hefur reynt að liðsinna öðrum klösum við uppbyggingu og hefur myndast gott samstarf á milli klasa hérlendis. Það er mat Sjávarklasans að mótun klasastefnu fyrir Ísland geti verið árangursrík og eflt klasa. Meginverkefnið þarf þó ávallt að vera að efla samvinnu hvort sem hún birtist í formlegum klösum eða öðru samstarfi á grunni klasahugmyndafræði. Það er fyrst og fremst samstarf sem sóst er eftir að efla; samstarf á grundvelli klasahugmyndafræði.

Lang sterkasta tækið sem stjórnvöld hafa til að hvetja fyrirtæki til að starfa saman er að efla klasastarfsemi en mikilvægt er að slíkt sé gert af fagmennsku og á grundvelli samkeppni.

Helsta gulrótin til að efla samstarf fyrirtækja er m.a. með því að samkeppnissjóðir hvetji til samstarfs – oft í gegnum klasa. Að okkar mati er sú leið sem stjórnvöld hafa tekið með samkeppnissjóðum á borð við Rannís ein árangursríkasta leiðin

til að efla tengslanet fyrirtækja, háskóla og stofnana; klasa aðila saman! Kröfur eru gerðar til viðtæks samstarfs fyrirtækja, stofnana, hönnuða ofl. Þessi leið hefur orðið mikill hvati til öflugrar samvinnu.

Nýleg dæmi um árangur af samkeppnissjóðum Rannís má meðal annars sjá í öflugum útflutningi ýmissa tæknifyrirtækja í sjávarútvegi en það samstarf hófst í mörgum tilfellum með klösun fyrirtækja, háskóla og stofnana um styrki frá áðurnefndum stofnunum til þróunar á búnaði.

Í skýrslu World Economic Forum frá árinu 2009 sagði: "Í efnahagskreppunni í byrjun tíunda áratugarins, fjármálakreppunni og svo hruni útflutnings til Sovétríkjanna, mótuðu stjórnvöld í Finnlandi vaxtastefnu byggða á klasagreiningu og netsamstarfi (módel Porters). Frjáls samkeppni varð hornsteinn nýrrar stefnu til að styrkja stöðu Finna á alþjóðamarkaði. Finnar komust út úr kreppunni með því að leggja áherslu á aukna menntun vinnuafls og nýsköpun. Hagkerfið breyttist á tíunda áratugnum þannig að það var ekki lengur hráefnadrifið heldur þekkingardrifið."

Ef farið verður í mótun klasastefnu er mikilvægt að læra af starfi nágrannalanda okkar en mikill árangur hefur t.d. náðst í klasastarfsemi í Noregi. Slíkt starf er mjög formfast og byggir á samkeppnisgrundvelli sem er afar mikilvægt. Við viljum hnykkja á því að klasa þarf að meta eftir þeim mælistikum sem byggja á alþjóðlegum rannsóknum um hvernig meta á klasastarfsemi."

Stefnumótun árið 2019

Á árinu 2019 höfum við áhuga á því að fá fulltrúa klasafyrirtækjanna til að taka þátt í stefnumótun klasans. Það fer að styttest í tíu ára afmæli Íslenska sjávarklasans sem er árið 2021. Við viljum vera með klára og ferska sýn á starfseminna og þau tækifæri sem við sjáum í klasastarfseminni strax á næsta ári þannig að á 10 ára afmælinu verði engin ellimerki á klasanum.

